

Föstudaginn 27. mars 1992.

Nr. 221/1989. **Jón Oddsson**

(sjálfur)

gegn

Ægi Stefáni Hilmarssyni

(Sigurmar K. Albertsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Vítur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 8. júní 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að héraðsdómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en stefndi fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 5. mars 1990.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Áfrýjandi gerði þá þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur og stefnda gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Stefndi óskaði þess, að málið yrði tekið til efnismeðferðar, en gerði ekki málskostnaðarkröfur í þessum þætti málsins.

Aðalflutningur í máli þessu fór fram 27. október 1988, og var málið þá dómtekið. Það var síðan endurupptekið og endurflutt hinn 15. mars 1989 án nokkurra skýringa og án þess að ný gögn væru lögð fram eða leitað væri nýrra upplýsinga í málinu, er réttlætt gætu drátt þennan, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Dómur var svo kveðinn upp 12. maí 1989, átta vikum og tveimur dögum eftir munnlegan málflutning og dómtöku málsins í annað sinn. Þessi dráttur á dómsuppsögu er freklegt og vítavert brot á ákvæðum 191. gr. laga nr. 85/1936, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast,

er dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til munnlegs flutnings og dómsuppsögu að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og ber héraðsdómara að taka málið upp að nýju til munnlegs flutnings og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu varð alvarlegur dráttur á uppsögu dóms í héraði, sem ekki hefur verið nægilega réttlættur. Aðilar málsins hafa ekki gert kröfu um ómerkingu dómsins og ekki bent á gagnger missmíði á honum, er rekja megi til þessa eða torveldi meðferð málsins hér fyrir dómi, en hingað er því áfrýjað til endurskoðunar frá grunni. Tel ég ekki óhjákvæmilegt að vísa málinu heim vegna þess ágalla eins, sem hér um ræðir, og sé rétt eftir atvikum, að flutningi þess verði fram haldið.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 12. maí 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. mars sl., hefur Ægir Stefán Hilmarsson, nnr. 9881-5597, Háengi 6, Selfossi, höfðað fyrir dómnum með stefnu, birtri 19.4. 1988, á hendur Jóni Oddssyni, nnr. 5173-1867, Ásbúð 102, Garðakaupstað.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 115.900 kr., ásamt 27% ársvöxtum af 105.900 kr. frá 1.6. 1986 til 1.11. 1986, en af 115.900 kr. frá þeim degi til 1.3. 1987 með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Með leyfisbréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 3. júní 1988, er stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk 12% sérstaks sölugjalds, sbr. l. nr. 1/1988, að mati réttarins.

Til vara gerir stefndi þær dómkröfur, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og einungis teknar til greina að óverulegu leyti og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar á sama hátt og í aðalkröfu er krafist.

Sáttatilraunir dómara reyndust árangurslausar.

Málið var áður flutt og dómtekið 27. október sl., en endurflutt og dómtekið að nýju 15. mars sl.

— — —

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Oddsson, greiði stefnanda, Ægi Stefáni Hilmarssyni, 90.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Stefndi greiði 50.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. söluskattur, og rennur málskostnaður í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður í málinu greiðist úr ríkissjóði. Þóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Ólafs Sigurgeirssonar hdl., 47.950 kr., þ. m. t. söluskattur og útlagður kostnaður, 2.050 kr.

Allar greiðslur fari fram innan fimmtán daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.
